

Kröfur vegna aðildar að Félagi sálmeðferðarfræðinga á Íslandi



I Sálmeðferðarfræði

Sálmeðferðarfræði og sálræn meðferð eru þýðingar á „Psychotherapy.“

Sálmeðferðarfræðingur er „Psychotherapist.“

II Á hverju eru kröfurnar byggðar

Þær eru í samræmi við kröfur Evrópu- (EAP) og Heimssamtaka (WCP) sálmeðferðarfræðinga sem kveða á um skilgreint sálmeðferðarfræðinámsaðlagmarki 4 ára hlutanám á framhaldsstigi háskóla að loknu 3 ára grunnnámi á háskólastigi, að öllu jöfnu á heilbrigðisviði.

III Kröfur um nám í sálmeðferðarfræði

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til sálmeðferðar- og undanfaranáms. **Ef framvísað er gögnum skv. IV, 2 eða 3 þarf ekki að skila sér gögnum skv. þessum lið né meta námið þannig lið fyrir lið því það hefur þegar verið gert erlendis. Annars, sjá IV, 4; þarf að rýna hvern eftirfarandi þátt:**

1. Heildarlengd: lágmark 4 ára hlutanám (1400 klst) í sálmeðferðarfræði með eftirfarandi innihaldi (III, 2-7) auk skilyrðis um undanfaranáms (III, 8):
2. Eigin sálræn meðferð 250 klst. þar af 160 klst. einstaklingsmeðferð utan námshóps.
3. Fræðilegt nám á sviði sálmeðferðarfræði, 500-800 klst., skal innihalda að lágmarki: þroskasálfræði, mismunandi nálganir sálfræðimeðferða, félags- og menningarlega þætti, geðraskanir, áfallafræði, siðfræði, fagmennsku, aðferðafræði rannsókna, meðferðarsambandið, klínískt mat og meðferð.
4. Verkleg þjálfun í sálmeðferðarfræði, 300 klst. í 2 ár hið minnsta.
5. Verkleg þjálfun á geðheilbrigðisstofnun eða jafngildi. Þarf að innihalda kennslu í viðbrögðum við sálfélagslegu bráðaástandi og þátttöku í þverfaglegu samstarfi.

6. Handleiðsla á meðferðarvinnu, 150 klst. hið minnsta í 2 ár samhliða þætti II-2-A-3, veitt af sérfræðingi á viðkomandi sviði / nálgun sálrænnar meðferðar.
7. Þjálfun, handleiðsla og eigin sálræn meðferð skal vera í höndum fagfólks sem er með menntun og þjálfun sem samræmist kröfum um aðild að félaginu.
8. Námið (1400 klst.) skal vera að 2/3 hlutum í meðferðarnálgunum sem EAP viðurkennir. 1/3 hluti skal vera í einni meðferðarnálgun sem EAP viðurkennir og skal undir hana falla hluti handleiðslu, eigin meðferðar og verkleg þjálfun.
9. Undanfari sálmeðferðarfræðináms:
 - A. EAP reglur: Skal hafa verið hið minnsta 3ja ára háskólagráða á heilbrigðissviði.
 - B. Sérákvæði SALM vegna evrópskrar eða bandarískar menntunar sem uppfylla liði IV, 2 og 3: Þar sem menntastofnun sú sem veitti inngöngu í sálmeðferðarfræðinámið hefur þegar metið að undanfaranámið hafi uppfyllt þetta skilyrði EAP eða veitt undanþágu, er það nám ekki metið af SALM.

IV Vinnsluferli umsóknar. Framkvæmd: formaður og stjórn

1. Formaður tekur við (a) útfylltu umsóknareyðublaði og (b) frumgögnum um sálmeðferðarfræðinámið og (c) undanfaranám, gerir „staðfest afrit“ af þeim og afhendir umsækjanda frumgögn til baka.
2. **Ef sálmeðferðarnámið var evrópskt** kannar formaður hvort framlagt vottorð falli undir **eitt af eftirfarandi 12 skilyrðum IV,2**. ***Ef já, er veitt aðild án frekari rýni.***
 1. Námið er frá *menntastofnun* sem er samþykkt af EAP; [EAPTI stofnun](#).
 2. Námið er frá *menntastofnun* sem er samþykkt af UKCP í Bretlandi, þ.e. einum af undirstofnunum („training organisations“) „[UKCP Colleges](#)“. UKCP er ekki aðili að EAP en gagnkvæm vottun er í gildi.
 3. Námið veitir aðild að *landsfagfélagi* sem er samþykkt af EAP, [NAO stofnun](#) eða var það við námsútskrift.
 4. Umsækjandi hefur fengið *ECP skírteini* frá EAP, gilt eða útrunnið.
 5. Umsækjandi hefur fengið *aðild að landsfagfélagi* sem er meðlimur í EAP, þ.e. [NAO stofnun](#). Aðild er gilt eða útrunnin.
 6. Umsækjandi hefur fengið UKCP *aðildarskírteini*, það er gilt eða útrunnið.

3. **Ef sálmeðferðarnámið var bandarískt** kannar formaður hvort framlagt vottorð falli undir **eitt af skilyrðum skv. IV,3.** *Ef já, er veitt aðild án frekari rýni.*
 7. Meistaragr. í Counseling Psychology frá viðurk. menntastofnun í USA.
 8. Meistaragr. í Marriage and Family Therapy frá viðurk. menntastofnun í USA.
 9. Meistaragr. í Clinical Mental Health Counseling frá viðurk. menntast. í USA.
 10. – 12. Bandarískt starfsleyfi í 7, 8 eða 9. Gilt eða útrunnið.
4. **Ef námið var hvorki evrópskt né bandarískt eða það uppfyllir ekki skilyrði IV, 2 eða 3 af öðrum ástæðum,** fer fram rýni á hverjum lið skv. III. Formaður og annar stjórnarmeðlimur rýna og leggja skriflegan rökstuðning fyrir stjórnina:
 - A. Ef umsækjandi leggur fyrir námsgögn sem uppfylla allar kröfur skv. lið III, er veitt aðild.
 - B. Ef umsækjandi leggur ekki fyrir námsgögn sem uppfylla allar kröfur skv. lið III er metið hvort námsgögn gefi tilefni til að veitt verði undanþága:
 1. Undanþágur skulu vandlega íhugaðar, taka mið af reglum EAP skv. III, staðbundnum aðstæðum, umfangi frávíks og skulu samþykktar af meirihluta stjórnar.
 2. Ekki skal vikið frá þeirri reglu að námið hafi að lágmarki verið skipulagt 4 ára hlutanám í sálmeðferðarfræði (e. Psychotherapy).
 3. Gæta má sveigjanleika með innbyrðis hlutfall á lengd hinna 4 þátta: fræðilegt, persónuleg vinna, klínískt nám og handleiðsla.
 4. Stjórnin getur vikið frá skilyrði III-9 um undanfaranám ef hún telur námið hæfilegt að lengd og gæðum, nægjanlega tengt sálmeðferðarfræði eða ef sálmeðferðarfræðinámið var umfangsmeira en lágmarkskröfur skv. III, 1-8) tilgreina.
5. **Formaður leggur skriflega rökstutt mat sitt á öllum umsóknum skv. IV 2, 3 eða 4 fyrir stjórn.**
6. **Stjórnin tekur ákvörðun um aðild.** Hún rökstyður skriflega ákvörðun. Meirihluta stjórnar þarf til samþykktar að aðild. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði formanns / þess sem hann hefur framselt ábyrgð á úrvinnslu umsóknar, úr um niðurstöðu.
7. **Svar til umsækjanda:** Formaður sendir umsækjanda skriflega niðurstöðu sína með rökstuðningi. Hafi umsókn verið samþykkt er umsækjanda boðin aðild og

hann undirritar siðareglur SALM og greiðir árgjald. Hafi umsókn verið hafnað getur umsækjandi óskað eftir endurskoðun og þarf þá að leggja fram efnislegan rökstuðning gegn rökstuðningi stjórnar. Endanleg niðurstaða stjórnar er þó alltaf það sem gildir.

8. **Skráning félagsmanna:** Nýr félagsmaður er skráður á lista yfir meðlimi og afrit af gögnum geymd. Skráð er á forsendum hvaða liðar í kafla IV, 2-4 umsóknin var samþykkt. Hafi umsækjandi aðra menntun að auki, skal óskað eftir vottun um það og sú menntun einnig skráð. Þessi skráning er metin áhugaverð sem upplýsingar um hinn fjölbreytta menntunarlegan bakgrunn félagsmanna.
9. Aðild að félaginu er ekki veitt þeim sem hefur misst starfsleyfi eða aðild að fagfélagi vegna misbrests í starfi. Hafi umsækjandi ekki upplýst um slíkt við inngöngu í félagið, er stjórn heimilt að vísa félagsmanni úr félaginu.
10. Formaður getur framselt ábyrgð sína í umsóknarferlinu til annars stjórnarmeðlims.

V Umsóknarferli. Framkvæmd: umsækjandi

1. Sótt er um aðild til formanns á póstfang félagsins salm@salm.is. Umsækjandi og formaður stjórnar mæla sér mót til framvísunar frumgagna skv. V, 2, 3 eða 4.
2. Formaður tekur við frumriti, ljósritar og vottar skriflega að ljósritið sé af frumriti þ.e. „staðfest afrit“. Umsækjandi heldur sínum frumritum. Umsækjandi ber ábyrgð á að gögn séu á tungumáli sem stjórn SALM skilur.
3. Eitthvert eitt af eftirfarandi 12 gögnum skulu fylgja umsókn:
 - A. Nám frá Evrópu:
 1. Skírteini um námslok frá *menntastofnun* sem er samþykkt af EAP; [EAPTI](#).
 2. Skírteini um námslok frá *menntastofnun* sem viðkomandi landsfélag; [NAO](#) meðlimur í EAP, samþykkir eða samþykkti á tíma útskriftar.
 3. Skírteini um námslok frá *menntastofnun* sem UKCP í Bretlandi „[UKCP College](#)“ samþykkir eða gerði á tíma útskriftar.
 4. Skírteini um *ECP Evrópuvottunina* frá EAP; í gildi eða útrunnið.
 5. Skírteini um *aðild að landsfagfélagi* sem er meðlimur í EAP: [NAO stofnun](#), í gildi eða útrunnið.

6. Skírteini um *aðild að landsfagfélaginu UKCP* í Bretlandi, í gildi eða útrunnið.
- B. Nám frá USA:
7. Skírteini um meistaragráðu í Counseling Psychology frá viðurkenndri menntastofnun.
 8. Skírteini um meistaragráðu í Marriage and Family Therapy frá viðurkenndri menntastofnun.
 9. Skírteini um meistaragráðu í Clinical Mental Health Counseling frá viðurkenndri menntastofnun.
 10. – 12. Bandarískt starfsleyfi í 7, 8 eða 9, gilt eða útrunnið.
4. **Sé vottun samkvæmt V, 3 ekki til staðar**, þarf umsækjandi að leggja fram nákvæm gögn sem sýna fram á að námið samrýmist öllum skilyrðum þeim sem greint er frá í kafla III. Þetta á við um nám sem var aflað utan Evrópu og Bandaríkjanna og evrópskt og bandarískt nám sem ekki fellur undir IV, 2 eða 3.
 5. Umsækjandi afhentir SALM undirritaðar siðareglur SALM og greiðir félagsgjald.

Breyting frá aðildarkröfum stofnfundar 24.10.2019, samþykkt á aðalfundi 3.mái 2021

F.h. stjórnar Margrét Gunnarsdóttir formaður

Skýringar á skammstöfunum

- **EAP:** European Association for Psychotherapy. Evrópusamtök sálmeðferðarfræðinga,
- **ECP:** European Certificate for Psychotherapy. Gefið út af EAP og er vottun á að nám í sálmeðferðarfræði uppfylli lágmarkskröfur samtakanna.
- **NAO:** National Awarding Organisation. Samtök félaga sálmeðferðarfræðinga í Evrópulandi sem vottar að nám í viðkomandi landi uppfylli kröfur EAP fyrir veitingu ECP.
- **UKCP:** United Kingdom Council for Psychotherapy. Samtök sálmeðferðarfræðinga í Bretlandi.

VIÐAUKI **Upplýsingar um Sálmeðferðarfræði - nám og fag**

1. **Evrópa:** Sálmeðferðarfræðingar (e: Psychotherapist) er vel þekkt fagstétt í Evrópu og öðrum heimsálfum. Sálmeðferðarfræði (e: Psychotherapy) er oftast 4 ára framhaldsnám á meistarastigi háskóla að loknu grunnháskólanámi í annarri grein, þ.e. sem diploma á meistarastigi (4 ár) eða meistaragráða (5 ár). Mismunandi kröfur eru milli landa á hvaða sviði grunnmenntunin skal vera. Stéttin er ýmist löggilt af yfirvöldum eða menntunarlega stýrt af fagfélögum í viðkomandi landi. Það fer oftast saman að þau lönd sem hafa löggildingu yfirvalda veita aðeins læknum og sálfræðingum með sálmeðferðarframhald starfsleyfi en löndin þar sem fagfélög votta menntun hafa hleypt öðrum starfsstéttum með sálmeðferðarframhald inn í fagið. Hið síðara er þróunin í dag. Yfirlit yfir stöðu sálmeðferðarfræði (e: Psychotherapy) í Evrópu er á vef Evrópusamtaka sálmeðferðarfræðinga (EAP).
2. **Evrópusamtök sálmeðferðarfræðinga**, European Association for Psychotherapy (**EAP**), voru stofnuð 1991 og starfa í 41 landi. Þau eru einu regnhlífarsamtök sálmeðferðarfræðinga, menntastofnana og fagfélaga í Evrópu, en þau starfa í 41 landi. Þau setja gæðaviðmið um menntun, siðareglur, hæfni, starfshætti og símenntun og eru eina kerfið sem hefur sett fram slíka staðla. Evrópusambandið (EU) hefur ekki gefið út staðla. Samtökin votta menntastofnanir (EAPT) sem uppfylla þessa samhæfðu staðla og gefa út Evrópska vottun á námi, European Certificate of Psychotherapy (ECP). Í EAP eru um 120.000 sálmeðferðarfræðingar, 28 landsfélög, 77 menntastofnanir og 17 undirgreinafélög. EAP er meðlimur í heimssamtökum sálmeðferðarfræðinga, World Council for Psychotherapy (WCP) en reglur þeirra eru samhljóða reglum EAP.
3. **Við gerð staðals fyrir aðild að félaginu** var tekið mið af reglum EAP (Evrópa), UKCP (Bretland) og DPFO (Danmörk) en þau tvö síðastnefndu taka mið af reglum EAP en hafa jafnframt sveigjanleika vegna staðbundinna þarfa, eins og gert er ráð fyrir af hendi EAP.
4. **Bretland:** Ein stærstu landssamtök sálmeðferðarfræðinga í Evrópu eru þau bresku (UKCP). Samtökin eru ekki meðlimir í EAP en gagnkvæm viðurkenning á vottunum er á milli EAP og UKCP. 73 breskar vottaðar menntastofnanir (OM) eru innan UKCP.
5. **Norðurlönd:** Dönsku (DPFO) og norsku (NPF) samtökin taka mið af reglum EAP.
6. **Ísland:** Sálmeðferðarfræði er lítt þekkt fag hér, starfið er ekki löggilt og ekki hægt að læra það á Íslandi. Félag þetta er fyrsta viðleitnin í að skapa umgjörð um þetta fag
7. **Bandaríkin:** Sálmeðferðarfræðingar eru fjölmenn fagstétt í Bandaríkjunum. Námið er meistaranám. Almenna starfsheitið er Psychotherapist. Önnur sértækari heiti eru Marriage and Family Therapist, Counseling Psychologist og Mental Health Counselor.